



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Áheyrnarfulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna í skóla- og frístundaráði

Reykjavík, 29. október 2024

SFS24100200

TILLAGA

Tillaga áheyrnarfulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna um nám í menningarnæmi

Lagt er til að nám í menningarnæmi fari fram í öllum grunnskólum í Reykjavík.

Greinargerð:

Með tillögunni er mælt til þess að nám í menningarnæmi verði skylda á öllum stigum grunnskóla í Reykjavík. Námið yrði samræmt áherslum og markmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla og lögð áhersla á inngildingu og virðingu fyrir fjölbreytileika og á að efla hæfni eins og samskipti og samvinnu. Með því að kenna nemendum að skilja og meta menningarmun er stutt við þá ábyrgð sem lögð er á nemendur, starfsfólk og foreldra um að skapa námsumhverfi þar sem virðing er borin fyrir öllum. Skyldunám í menningarnæmi tryggir að Reykjavíkurborg ýti undir víðsýni og samfélagslega ábyrgð hjá sínum íbúum.



Reykjavík